


Seyðisfjarðarkaupstaður  
Sigurður Jónsson,  
byggingarfulltrúi  
Hafnargötu 44  
710 Seyðisfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. mars 2010  
Tilvísun: UST20100100435/ksj

## Seyðisfjarðarkaupstaður. Aðalskipulag 2009 - 2029.

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Seyðisfjarðarkaupstaðar er barst 11. desember 2009, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2009 – 2029.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við aðalskipulagstillöguna.

Almennar forsendur

### Mat á umhverfisáhrifum

#### a) Íbúðabyggð

Fram kemur í greinargerð þar sem fjallað er um umhverfisáhrif skipulagsáætlunarinnar að íbúðabyggð verði: „í fyrstu beint á svæðið sunnan Fjarðarár innan núverandi byggðar við Hlíðarveg og Garðarsveg á svæði þar sem áður var Garðarstjörn inn undir Þórsmörk, að mestu grónir móar og tún.“ Umhverfisstofnun bendir á að miklu votlendi hafi verið raskað á undanförunum áratugum og að nauðsynlegt sé að standa vörð um votlendi. Umhverfisstofnun bendir einnig á að gera þyrfti grein fyrir Garðarstjörn og hvers vegna hún er ekki enn við lýði, t.d. ef um framræslu hefur verið að ræða, þá gæti verið viðeigandi að endurheimta votlendið.

#### b) Svæði fyrir atvinnurekstur

Í umfjöllun um þróun atvinnusvæða kemur fram að ný atvinnusvæði verði á uppfyllingu neðan Hafnargötu og fl. Síðan segir: „Nýtt svæði innan við Árbakka er um 2 ha og kemur ekki til með að hafa nein veruleg umhverfisáhrif.“ Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti hér að rökstyðja fullyrðinguna. Ljóst er að uppfylling sem er 2 ha að stærð er ekki tilkynningaskyld framkvæmd, en fram þyrfti að koma hvaðan efni er fengið í uppfyllinguna og hvernig að henni verði staðið.

### Samgöngumannvirki

Fram kemur í umfjöllun um samgöngumannvirki að í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir munnum jarðganga, sem unnar hafa verið lauslegar áætlanir fyrir af hálfu kaupstaðarins, og að rannsóknafé vegna Miðfjarðarganga séu á samgönguáætlun og að göng til Seyðisfjarðar séu hluti þeirra. Ekkert kemur fram í hverju ofangreindar áætlanir eru fólgnar, né samanburður á þessum áætlunum og öðrum vegakostum. Að mati Umhverfisstofnunar skortir þær upplýsingar sem gert er ráð fyrir að komi fram í umhverfisskýrslu þegar áætlanir um jafn viðamikla framkvæmd er að ræða sbr. 6. gr. laga nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana.

## **Efnistaka**

Á aðalskipulagsupphrátt eru merkt efnistökusvæði. Í umfjölluninni kemur fram að námur eru við ósa Sörlastaðaár og Vestdalsár þar sem framburður ána er tekinn. Ekkert kemur fram um magn það sem tekið er af efni úr ofangreindum ám. Upplýsingar um efnistöku úr Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði er: „*Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigegnd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu.*“

Umfjöllun um efnistökusvæði í skipulagsáætlun er greinargóð. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að náma eins og Miðtangi E2, ætti ekki að vera á lista yfir efnistökusvæði sveitarfélagsins þar sem ekki er gert ráð fyrir að vera með efnistöku á skipulagstímabilinu þar. Athuga skal hvort ekki sé vert að ganga frá námunni þar sem hún er ekki í notkun. Varðandi námuna Grenistangi E10 vill Umhverfisstofnun taka fram að þar sem búið er að loka námunni og ganga frá henni, er ekki ástæða að hafa hana í greinargerð enda kemur fram að náman er ekki sýnd á upphrátti.

## **Sorp**

Fram kemur í umfjöllun um sorp að aflögð sorpurðunarsvæði innan sveitarfélagsins séu sýnd á upphrátti. Að mati Umhverfisstofnunar ættu upplýsingar um staðina einnig að vera í greinargerð, á hvaða tíma viðkomandi svæði var notað sem sorpförgunarsvæði og hvaða sorpi var fargað þar.

## **Hverfisvernd**

Umhverfisstofnun tekur undir hverfisverndun Vestdals og Vestdalseyri vegna náttúruverndar og fornminja og hverfisverndun heilsteyprtar bæjarmyndar í miðju kaupstaðarins. Umhverfisstofnun bendir á að afmörkun hverfisverndarsvæðisins Vestdalur og Vestdalseyri er ekki sýnd á upphrátti.

## **Umhverfismál og útivist**

### **Náttúruverndarsvæði**

Í umfjöllun um náttúruminjar kemur fram að í sveitarfélaginu eru tvö svæði á náttúruminjasrá. Síðan er bent á að leirur í botni Seyðisfjarðar sé vistkerfi sem skuli njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Einnig kemur fram að leirurnar hafi verið skertar við hafnarframkvæmdir og því beri að gæta þess að skerða þær ekki frekar en orðið er. Umhverfisstofnun bendir á að sveitarfélagið getur undirstrikað þessa stefnu með því að hverfisvernda leirur sem stefnt er að varðveita.

## **Skógrækt**

Þar sem skógræktarsvæði eru ofan kaupstaðarins að sunnanverðu, vill Umhverfisstofnun minna á að samkvæmt reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, er: „*Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.*“

## **Umhverfisskýrsla**

### **Umhverfisaðstæður og umhverfisþættir**

Fram kemur í umhverfisskýrslu að möguleg staðsetning á munnum jarðgangna sé sett inn á skipulagsupphrátt, ekki er staðsetningin rökstudd. Síðan segir: "Efni sem til fellur við gangnagerð mun nýtast við uppbyggingu á staðnum samhliða jarðgangnagerð þar sem þá fellur til sem vantar að miklu leyti á staðnum til byggingar- og jarðvinnuframkvæmda en að öðru leyti til jarðmótunar. Umhverfisstofnunar bendir á að gera þarf ráð fyrir svæði fyrir haugsetningu, því þótt efni úr jarðgöngum sé ætlað til framkvæmda þá er nauðsynlegt að gera ráð fyrir haugsvæði fyrir efnið.

## **Viðmið og skýringar**

Taflan sem á að sýna yfirlit yfir áhrif á þætti sem skoðaðir eru í tengslum við gerð nýs skipulags, er að mati Umhverfisstofnunar óunnin að mestu. Sérstaklega hvað varðar liðinn: " hver eru áhrif ", þar

vantar í töfluna svör um hver áhrifin eru á viðkomandi þætti. Taflan er óskýr og gefur ekki upplýsingar um áhrif á umhverfið.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

*Ólafur A. Jónsson*  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

